ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA-LENÍNISTANNA 7.tbl. 2.árg. 1973

VERÐ: 30 kr.

Forysta Alþýðusambands Norðurlands:

10 þúsund króna „róttækni"

Undanfarið hafa farið fram átök innan ASÍ-forystunnar um afstöðuna til fyrirstandandi verkfalla og kjarasamninga. Leiðtogarnir í ASN (Alþýðusambandi Norðurlands) hafa krafist þess, að settar verði fram harðari umbótakröfur: lífeyrissjóðirnir verði settir undir stjórn verkalýðsforystunnar einnar, lágmarkslaun fyrir 8 tíma vinnudag verði 45.000 kr. o.s.frv. Í rauninni er hér aðeins um að ræða mótleik umbótastefnunnar við því minnkandi trausti, sem ASÍ-forystan hefur fundið meðal verkamanna. Dæmi um það eru sjálfsprottin verkföll við höfnina á Akureyri, hreyfingin meðal verkamanna í Héðni og iðnnema.



Einn hinna "róttæku" norðanmanna, Helgi Guðmundsson, sem situr í miðstjórn Alþýðubandalagsins.

Fylkingin hittir naglann á höfuðið, þegar hún lýsir yfir hátíðlegum stuðningi sínum við þá, "sem lengra vilja ganga í umbótunum" (Neisti, 9. tbl. '73). Þannig er það í raun og veru. Forysta ASN hefur engan annan tilgang með "róttækni" sinni en að ganga lengra í umbótakröfunum, hún er í raun og veru aðeins 10.000 krónum "róttækari" en ASÍ-forystan sunnanlands!

Kjarabaráttan getur aldrei leitt til varanlegra úrbóta fyrir verkalýðinn og allt þvaður Fylkingarinnar um að gefa sjálfri kjarabaráttunni pólitískt innihald, er aðeins tilraun til að slá ryki í augu verkamanna og telja þeim trú um að kjarabaráttan geti verið pólitískur ávinningur fyrir þá.

Í sjálfu sér er krafan um völd verkalýðsins yfir lífeyrissjóðunum víðsfjarri því að vera raunhæf, hvað þá að vera pólitísk eða jafnvel "byltingarsinnuð" (!?) eins og Neisti heldur fram. Verkalýðurinn getur aldrei öðlast völd yfir lífeyrissjóðunum meðan hann lýtur borgaralegri forystu, og þó hann myndi öðlast yfirráð yfir þeim, myndi það ekki færa hann skrefi nær sósíalísku byltingunni.

Kjarabaráttan er aðeins varnarbarátta gegn atvinnurekendunum innan ramma auðvaldsþjóðfélagsins, en ekki barátta um pólitísk völd þjóðfélagsins. Sama er að segja um 45.000 króna kröfuna. Svo lengi sem hún er krafa um kjarabót, en ekki pólitísk barátta alls þorra verkalýðsfjöldans gegn auðvaldsskipulaginu, verður hún áfram skrautfjöður í hatti umbótastefnunnar og ekkert annað.

ASN-forystan : falskur vinur!
Kommúnískur byltingarflokkur : eini valkostur verkalýðsins!

ASN-forystan er á engan hátt "róttækari" eða "uppreisnarsinnaðri", eins og hún sjálf heldur fram með drýldni, en ASÍ-forystan að öðru leyti. Hún er aðeins ný og hættulegri gerð umbótastefnunnar, því hún lætur í veðri vaka að hún sé í uppreisn gegn umbótastefnu ASÍ-forystunnar og reynir þannig að fanga og gleypa upp allar tilhneigingar verkamanna til sjálfstæðrar skipulagningar og baráttu gegn ASÍ-forystunni.

Það væri hrapallegur misskilningur að halda, að harðorðari umbótakröfur ASN-forystunnar og "yfirskinsbarátta" hennar gegn ASÍ-forystunni táknuðu á einhvern hátt pólitíska vakningu meðal verkalýðsins. Þvert á móti er hér aðeins um að ræða endurvakningu umbótabaráttunnar eins og hún gerðist á tímum Sósíalistaflokksins. Fari svo, að ASN-forystan kljúfi sig frá ASÍ, mun það á engan hátt leiða til pólitísks ávinnings fyrir verkalýðinn norðanlands. Þvert á móti mun

FRAMHALD Á BAKSÍÐU

TILLÖGUR-GAGNTILLÖGUR
SAMNINGAMAKK ASÍ OG VSÍ



Stéttsvikarinn Eðvarð Sig. ásamt húsbændum sínum á „samningafundi"

Nú fyrir stuttu lögðu íslenskir arðræningjar eða samtök þeirra, Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ), fram "gagntillögur" á hinar svonefndu kröfur leppa sinna í ASÍ.

Ástæðan fyrir þessu er annars vegar sú, að það er nauðsynlegur liður í samspili kapítalistanna og hinna uppkeyptu svikara (sem hafa öll völd í umbótasinnuðu verkalýðsfélögunum), að á yfirborðinu séu þeir á öndverðum meiði. Sama hversu lágar kjarakröfur svikararnir setja fram, húsbændur þeirra, burgeisarnir, setja alltaf fram enn harðari gagnkröfur. Hins vegar er það taktík auðvaldsins og stéttsvikaranna í verkalýðsforystunni, að hinir síðarnefndu gefa alltaf eftir meðan á "samningum" (sviðsetningu þeirra) stendur.

Krafa eða gagnkrafa : Aukið arðrán, síversnandi lífskjör verkafólks.

Við skulum nú líta á þessar gagntillögur VSÍ.
Í fyrsta lagi setur VSÍ fram kröfur um aukið arðrán, í 16. lið segir:

> "Gerður verði rammasamningur um gerð ákvæðisvinnutaxta, vinnuaðferðir við uppbyggingu þeirra, leiðréttingu þeirra og viðhald (tímamælingar o.fl.)."

Einn liður í viðleitni auðvaldsins til að ná af öreigunum meiri gróða er hin "snjalla" svipa, ákvæðisvinnan. Með henni fá kapítalistarnir öreigana til að framleiða meira gildi á skemmri tíma, útkoman er að sjálfsögðu aukinn gróði til handa kapítalistunum og aukið arðrán á öreigunum.

Í gagntillögum, liði 3, segir:

> "Samningstíminn verði 3 ár og verði um kaupbreytingar að ræða, komi þær til framkvæmda í áföngum."

Í meðfylgjandi athugasemd VSÍ um þetta segir:

> "Vinnuveitendasambandið telur, að sá 2ja ára samningstími, sem gilt hefur, hafi gefið góða raun, en enn betra yrði, ef samið yrði til 3ja ára."

Já, vitanlega finnst arðræningjunum, að sá 2ja ára samningstími, sem gilt hefur, hafi gefið góða raun, því sú kaupmáttarskerðing, sem fram hefur farið á þessum tíma, er alveg gífurleg. Vörur hafa hækkað í verði á sama tíma og kaupmáttur verkafólks hefur lækkað gífurlega. Arðránið hefur aukist að miklum mun og nú semja svikararnir í ASÍ jafnvel til 3ja ára.
VSÍ vill líka, að:

> "samið verði um breytingar á verðlagsuppbótum á laun í því skyni að hamla gegn víx lhækkunum verðlags og kaupgjalds."

Það á sem sagt að falsa hina margfölsuðu vísitölu enn meir undir hinu falska yfirskyni "víx lhækkanir verðlags og kaupgjalds".

VSÍ setur fram kröfu um að ASÍ treysti enn betur sín pólitísku og skipulagslegu völd. Í tillögunum, liði 2, segir:

> "Samið verði samtímis um öll ágreiningsatriði, svo að ekki komi til staðbundinna verkfalla einstakra starfshópa eða starfsgreina."

Þarna eru kapítalistarnir að leggja áherslu á, að stéttsvikararnir verði að stöðva þann straum, sem leitar út fyrir ASÍ. Auðvaldið er við ekkert hræddara en sjálfstæða skipulagningu verkamanna.

Ennfremur setur VSÍ fram ofbeldiskröfur, sem bera merki nýs kúgunarstigs:

> "Samið verði um að ekki verði greitt kaup fyrir 2-3 fyrstu dagana í veikindatilfellum, sem vara í skemmri tíma en tvær vikur. Greiðsla miðist við dagvinnukaup, enda verði greiðslutímabil lengt í veikindatilfellum. Greiðslur þessar komi að öllu leyti í stað ákvæða um veikindarétt í lögum no. 16 frá 1958."
> (Gagntillögur, liður 9.)

Samþykkt þessarar kröfu mun jafngilda því, að verkamenn munu mæta fárveikir til vinnu, en það skiptir kapítalistann engu máli, svo lengi sem verkamaðurinn framleiðir gildi, því eina sjónarmið arðræningjanna er gróði. Í æðisgenginni leit borgaranna eftir hámarksgróða skeyta þeir engu um örkuml eða dauða verkamanna, sem stafa af skipulagsleysinu í framleiðslunni og hinu miskunnarlausa arðráni.

ÞG/AJ

OLÍUBANNIÐ - ÁFALL FYRIR HEIMSVALDASTEFNUNA

Ofanverður síðasti áratugur og sérstaklega þau ár sem liðin eru af þessum, hafa markað tímamót í alþjóðlegri þróun stéttabaráttunnar. Bandaríska heimsvaldastefnan er á hröðu undanhaldi, eins og ósigrar hennar fyrir byltingarherjum indókínversku þjóðanna, innri pólitísk spilling og efnahagslegt kreppuástand innan Bandaríkjanna sjálfra sýna glöggt. Styrjöldin fyrir botni Miðjarðarhafs táknar nýtt skref í upplausn þeirra heimsvaldablakka, sem stofnsettar voru eftir síðustu heimsvaldastyrjöld og haldist hafa síðan.

Olíustríðið eykur upplausnartilhneigingarnar innan heimsvaldabandalaganna.

Afleiðingar átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs hafa orðið víðtækari fyrir ástandið í heiminum en öll fyrri átök milli Ísrael og Arabaríkjanna. Minnkun Arabaríkjanna á olíuframleiðslu sinni og ákvörðun þeirra að selja ekki olíu til Hollands og Bandaríkjanna, er þungt högg fyrir bandarísku heimsvaldastefnuna, því leiðandi aðstaða þeirra innan Evrópu, sem þegar stóð höllum fæti eftir ósigurinn í Indókína, hefur veikst enn meira. Sú ákvörðun EBE-landanna að styðja Arabaríkin í deilunni við Ísrael, hefur aukið upplausnina innan Nato og sýnir aukið sjálfstæði Evrópuríkjanna gagnvart bandarísku heimsvaldastefnunni. Ennfremur er olíubann Arabaríkjanna stuðningur við baráttu hinna kúguðu þjóða gegn heimsvaldastefnunni, því það veldur pólitískri misklíð innan herbúða heimsvaldastefnunnar. Sá heimsvalda"friður", sem ríkt hefur frá síðustu uppskiptastyrjöld heimsvaldaríkjanna, er óðum að breytast í innbyrðis togstreitur og deilur heimsvaldalandanna um nýja uppskiptingu jarðarinnar í áhrifasvæði nýlendur o.s.frv. Slíkt ósamkomulag í herbúðum heimsvaldasinnanna leiðir óhjákvæmilega til styrkari stöðu byltingarafla veraldarinnar og merkir um leið aukna hættu á nýju uppskiptastríði heimsvaldastefnunnar.

Þessi þróun setur kommúnistum um víða veröld það verkefni í auknum mæli að berjast gegn öllum tilraunum heimsvaldastefnunnar til að steypa mannkyninu út í blóðsúthellingar, sem engum tilgangi þjóna öðrum en að ákvarða hvaða heimsvaldaríki eigi að vera leiðandi kúgunarafl næstu áratuga. Hið eina sem getur komið í veg fyrir heimsstyrjöld, er heimsbylting öreiganna. Þegar smáfasistar hér uppá Íslandi, eins og Jónas Kristjánsson ritstjóri Vísis, eru farnir að brýna geirana í leiðurum málgagna sinna og krefjast styrjaldar, má búast við að sterkari raddir séu uppi um stríðsyfirlýsingu á hendur Arabaríkjunum í höfuðbólum heimsvaldastefnunnar vestanhafs.

KG

Frá KSML á Akureyri

ALÞÝÐUBANDALAGSHALINN DINGLAR

Föstudaginn 9. nóvember s.l. komumst við á snoðir um að Fylkingin ætlaði að halda fund með hafnaverkamönnum og virtist þetta vera í framhaldi af þeim ólöglegu verkföllum, sem staðið hafa yfir í höfninni undanfarið.

Þar sem Fylkingin er sífellt að tönnlast á einangrunarstefnu KSML og telur sjálfa sig langt frá því að vera einangrunarsinnaða, ákváðum við að fara á fundinn - enda stóðu tveir úr okkar hópi fremstir í Hvassafellsverkafallinu í haust (um það var skrifað í 6.tbl. Stéttabaráttunnar '73).

Fundinn átti að halda kl. hálf níu og vorum við flestir mættir stundvíslega, en áhangendur Fylkingarinnar voru hinsvegar að tínast á staðinn fram til klukkan níu!

En nú brá svo kynlega við, þrátt fyrir gaspur Fylkingarinnar um einangrunarstefnu KSML, að við fengum alls ekki að sitja fundinn og var þó einhver hluti verkamannanna hlynntur þátttöku okkar.

Fylkingin hefur því afhjúpað einangrunarstefnu sína og tilraunir sínar til að sundra verkalýðnum, enda reynir hún alltaf að halda baráttu verkamannanna innan ramma borgaralegu verkalýðsfélaganna.

Þess má að lokum geta, að umræddur fundur var haldinn í skrifstofu Alþýðubandalagsins, enda er helsti forystumaður Fylkingarinnar hér, Þórarinn Hjartarson, í ritstjórn Alþýðubandalagsblaðsins. Fylkingin ætlar sér kannski að gera Alþýðubandalagið að "baráttutæki" um leið og ASÍ?

Niður með hentistefnuna!
Lifi eining verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar!
STÉTT GEGN STÉTT!

es

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 7. tbl.
22. nóvember 1973.
Útgefandi:Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj.og ábm. :Hjálmtýr Heiðdal.

LEIÐARI:

"Því sterkari tök, sem umbótastefnan hefur á verkalýðnum, þess óstyrkari verður verkalýðurinn og því háðari, sem hann verður borgarastéttinni, þess léttara verður fyrir borgarana, með ýmsum brögðum, að gera umbæturnar að engu.
Eftir því sem verkalýðshreyfingin er sjálfstæðari og dýpri, og því víðtækara, sem takmark hennar er og hversu laus verkalýðurinn er við þröngar umbótahugmyndir - þess betur mun honum takast að festa í sessi og notfæra sér hinar ýmsu umbætur."
(Lenín: Marxism och reformism, sænsk útg.)

Það er eitt helsta baráttumál þeirra umbótasinna, sem "róttækastir" eru í kröfum sínum, að verkalýðurinn verði að "gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum".
Þessi hróp eru hvað háværust nú frá Fylkingunni og Sósíalistafélagi Reykjavíkur; einnig hafa ungir kratar Alþýðubandalagsins samþykkt ályktun um þessi mál á nýafstöðnu þingi sínu á Akureyri. Í pólitísku skammdegi sínu sjá þessir umbótasinnuðu "sósíalistar" það sem nærtækt verkefni að hressa við kjarabaráttu verkalýðsins - og eðlilega liggur það beinast við þeim að gera kjarabaráttutækin að "raunverulegum" baráttutækjum.

Væri það svo, að þessi barátta "sósíalistanna" væri ný af nálinni, myndi gagnrýni á starf þeirra ekki hljóta mikinn hljómgrunn. En því er nú þannig farið, að reynsla verkalýðsstéttarinnar gegnum áratugina hefur svipt umbótasinnana öllum sínum glæsileik.

Aftur og aftur hefur verkalýðurinn sett traust sitt á umbótasinnana og falið þeim stjórn baráttunnar. Þeir hafa verið sendir á þing, þeir hafa hlotið traust verkalýðsins ómælt. En alltaf hafa þeir svikið. Borgarastéttinni hefur tekist að ná tökum á þeim og beitt þeim fyrir sinn vagn með mútum. - Umbótasinnarnir hafa gerst fulltrúar borgarastéttarinnar innan raða verkalýðsins.

Er það vegna þess að þeir hafa spillst í þingsölum borgaranna? Hafa þeir misst fótanna vegna þess að þeir "fjarlægðust verkalýðinn"?

Nei, það er eingöngu vegna þess að þeir eru umbótasinnar og hafa sem slíkir aldrei verið raunverulegir fulltrúar fyrir hagsmuni verkalýðsins: Þeir eru fulltrúar stefnu, sem fyrir löngu hefur lifað sitt skeið og er því afturhaldssöm. Það er af þessum orsökum sem verkalýðsfélögin undir stjórn þessara manna eru í dag tæki borgarastéttarinnar til þess að kæfa og afvegaleiða baráttu verkalýðsins inn á brautir krónubaráttu og stéttasamvinnu.

Í dag verður verkalýðurinn að vinna myrkranna á milli til þess að afla sér lífsnauðsynja, eftir meira en 50 ára "baráttu" þeirra "sósíalista", sem verið hafa í fararbroddi verkalýðshreyfingarinnar. Þessi staðreynd er ein af sönnunum þess, hversu gjaldþrota sú stefna er, sem leggur allt í sölurnar fyrir umbætur innan ramma auðvaldsþjóðfélagsins - umbætur sem ætíð eru teknar aftur af verkalýðnum.

Hringurinn er lokaður - umbótasinnarnir, sem ætla að gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum í dag, eru aðeins að fara enn einn snúnig - byrja aftur í þeim sporum, sem verkalýðurinn stóð í upphafi aldarinnar.

HVERT ER RAUNVERULEGT INNIHALD ÞEIRRAR KRÖFU, AÐ VERKALÝÐSFÉLÖGIN VERÐI GERÐ AÐ BARÁTTUTÆKJUM?

Þeir, sem halda fram þessari kröfu, eru þeir hinir sömu, sem vilja slíta kjarabaráttuna úr tengslum við pólitísku baráttuna. Þessi krafa, jafn "glæsileg" og "sjálfsögð" sem hún er í augum umbótasinna, beinir huga verkalýðsins að atriði, sem ekki hefur neina afgerandi þýðingu fyrir baráttu hans í dag. Ef verkalýðurinn gerir það að höfuðbaráttumáli sínu að "endurheimta verkalýðsfélögin" væri verið að snúa frá þeirri baráttu sem er grundvallaratriði fyrir alla baráttu öreiganna, þ.e. að berjast fyrir því, að verkalýðurinn gerist meðvitaður um nauðsyn þess að leggja í rúst auðvaldsskipulagið og reisa ríki verkalýðsins. Hentistefnumenn, sem ekkert takmark hafa með baráttu sinni annað en léttunna stundarsigra eru alltaf á höttunum eftir "vinsælum" málum, sem á yfirborðinu virðast þjóna hagsmunum verkalýðsins og vera "róttækar" - þá skiptir það engu hvort stundarbarátta þeirra geti haft í för með sér ósigra fyrir verkalýðinn þegar fram í sækir.

Krafan um "endurheimt" verkalýðsfélaganna hljómar vel, en í rauninni er hún andstæð hagsmunum verkalýðsins, því hún verður til þess að skilja verkalýðinn frá pólitísku baráttunni.
Skorturinn á stéttvísi, sem er einkenni á verkalýðsstéttinni í dag, leggur okkur kommúnistum það verkefni á herðar að berjast óþreytandi fyrir aukinni þekkingu öreigastéttarinnar - að berjast fyrir sameiningu verkalýðsins og sósíalismans.

Umbótasinnarnir geta aldrei skilið, að skipulagning, pólitísk skólun og flokksbygging geti verið brennandi verkefni fyrir verkalýðinn -verkefni sem leysa verður í dag! Þeir sjá verkalýðinn sem þjáða stétt og eru hræddir við byltingarkraft hans.
Af þessum sökum eru þeir svo þröngsýnir varðandi verkefni dagsins í dag - og þarafleiðandi verður hlutverk þeirra, meðvitað eða ómeðvitað, að slæva baráttu verkalýðsins, auðvaldinu í hag.

MEÐ EÐA Á MÓTI BYLTINGUNNI

Kjarni málsins varðandi afstöðuna til verkalýðsfélaganna er hver afstaða þeirra er til byltingarinnar.

"Annaðhvort með verkalýðnum - gegn auðvaldinu; eða með auðvaldinu - gegn verkalýðnum. Annaðhvort samherji byltingarinnar - eða í liðsveitum gagnbyltingarinnar. Það er ekki til neinn meðalvegur."
(Dimitroff: Um verkalýðssamtökin, sænsk útg. bls. 18).

Þar af leiðandi verðum við að taka afstöðu, sem byggir á skilgreiningu á verkalýðsfélögunum, skilgreiningu, sem segir okkur, hvar þau standa gagnvart byltingunni. Augljóst er hvar í flokki ASÍ-forystan stendur - en hvað með forystu Alþýðusambands Norðurlands? Samkvæmt skilgreiningu Fylkingarinnar kemst ASN nærri því að vera "baráttutæki".

Hiklaust segjum við, að forysta ASN tilheyri herbúðum gagnbyltingarinnar. Forystumenn ASN eru umbótasinnar og tilheyra flestir Alþýðubandalaginu, þeir þjóna því hlutverki, á sama hátt og ASÍ-forystan, að leiða baráttuna frá kjarnanum - sem er spurningin um völd verkalýðsins í öllu þjóðfélaginu - inn á brautir hinnar blindu krónubaráttu.

Það, að þeir eru ekki eins beint tengdir ríkisvaldinu og aðrir úr ASÍ-forystunni, á sér sögulegar rætur, það stafar ekki af því, að þeir hafi aðra grundvallarafstöðu til borgaralega ríkisvaldsins. Þeir eru þátttakendur í sjónarspili Alþýðubandalagsins, sem eingöngu snýst um að leiða verkalýðinn eftir þingræðisleiðum borgarastéttarinnar - þeir hafa aldrei barist fyrir þeirri leið, sem liggur til frelsis fyrir verkalýðinn - leið byltingarinnar.

HVERNIG VERÐA VERKALÝÐSFÉLÖGIN GERÐ AÐ BARÁTTUTÆKJUM VERKALÝÐSINS?

Það er aðeins ein leið til þess, hún er sú að snúa huga verkalýðsins frá umbótastefnunni til fylgis við byltinguna. Það hefur í för með sér, að öllum þeim, sem tilheyra andstæðingum byltingarinnar, verður kastað á dyr, öllum þeim, sem segja að verkalýðnum beri að vera eilífur launaþræll auðvaldsins, (og það þýðir í rauninni, að núverandi félög verða lögð niður).

Er hægt að gera þessa tiltekt í verkalýðsfélögunum í dag? Nei, alls ekki. Frumskilyrði þess er, að verkalýðurinn hafi í stórum stíl snúið baki við umbótasinnunum og tekið upp rauðan fána byltingarinnar. Þá, og aðeins þá, er það hægt.

NIÐUR MEÐ UMBÓTASTEFNUNA!

Í dag er höfuðhindrun fyrir baráttu verkalýðsins sú, að stéttin er haldin trú á umbótastefnuna. Það er þess vegna, sem borgurunum tekst að halda aftur af baráttunni með fulltingi verkalýðsaðalsins. Við þessar aðstæður er það afturhaldssemi að koma með þær kröfur, sem í rauninni efla tiltrú verkalýðsins á möguleikum umbótapólitíkurinnar. Og að halda það, að umbótasinnar og hentistefnumenn geti nokkurn tíma gert verkalýðsfélögin að baráttutækjum fyrir öðru en sinni eigin bitlingabaráttu, er jafn mikil fjarstæða og að trúa því, að haninn verpi eggjunum.

Það er aðeins, þegar búið er að kasta öllum slíkum svikurum og úrtölumönnum úr félögunum og þegar verkalýðurinn hefur sagt skilið við borgaralega stefnu þeirra og tekið upp baráttu gegn auðvaldinu á stéttargrundvelli, að hægt er er að tala um að verkalýðsfélögin séu orðin baráttutæki verkalýðsins fyrir dagskröfum hans.

Það er skylda okkar kommúnista að heyja baráttu gegn útsendurum borgarastéttarinnar innan raða verkalýðsins, og "þessa baráttu verður að heyja af miskunnarleysi og hún verður að leiða markvisst til þess,..., að allir óforbetranlegir forkólfar hentistefnu og þjóðrembingssósíalisma verði stimplaðir og burt reknir úr stéttarfélögunum." (Lenín: Vinstri róttækni, bls. 49.)

Skilyrði þess, að verkalýðurinn geti sett fram umbótakröfur og fylgt þeim eftir til sigurs er, að öreigarnir skipuleggi sig sem stétt, þetta gildir bæði varðandi minni og stærri kröfur. Þetta hefur íslensk öreigastétt reynt í hatrammri baráttu fyrr á árum.

En ef stundarsigur í kjarabaráttunni er keyptur því verði, að upplausn verður í liði öreiganna getur það aðeins haft í för með sér því stærri ósigra í framtíðinni. Og þetta er sú leið, sem ökónómistarnir í Sósíalistafélagi Reykjavíkur og Fylkingunni boða.

Þetta sannast af allri seinni tíma sögu. Það liggur í augum uppi, að vandamál auðvaldsins í dag eru í eðli sínu þau sömu og á fjórða áratugnum. Þó er um að ræða mikilvægt atriði, sem er öðruvísi farið í dag en áður; í dag er verkalýðurinn verr búinn til baráttunnar og sú stéttarsamstaða, sem var fyrir hendi, er ekki nú til staðar.

Söguleg ábyrgð endurskoðunarsinna Alþýðubandalagsins er því mikil, það er þeirra verknaður, að verkalýðurinn er jafn illa búinn til baráttu gegn launalækkunum og verðbólgu eins og raun ber vitni.

Ábyrgðin á hugmyndafræðilegri afvopnun öreigastéttarinnar er hjá krötunum og endurskoðunarsinnunum í Sósíalistaflokknum og síðar Alþýðubandalaginu. Með loforðum um umbætur leiddu þeir verkalýðinn af braut stéttabaráttunnar, ekki aðeins burt frá baráttunni fyrir hinu sósíalíska takmarki, heldur einnig frá sjálfstæðri baráttu fyrir kjarakröfum.

SJÁLFSGAGNRÝNI

Kjarabaráttan getur aðeins verið varnarbarátta verkalýðsins gegn hungurárásum atvinnurekenda í auðvaldsþjóðfélaginu. Hið eina, sem efnahagslegt verkfall, eða önnur form af kjarabaráttu geta leitt af sér fyrir verkalýðinn, er að hann fær hærra borgað fyrir vöru sína, vinnuaflið.
Sagan hefur sýnt óhrekjanlega, að það er aðeins þegar verkfallsbaráttunni er gefið pólitískt innihald, sem hún getur haft varanlegt gildi fyrir verkalýðinn.

Raunveruleg ástæða fyrir því, að vinnudagurinn er lengri en 8 tímar á Íslandi, þrátt fyrir að hin borgaralegu lagafyrirmæli segi annað, er að þessari kröfu hefur aldrei verið veitt pólitískt innihald, heldur ævinlega sett fram sem umbótakrafa, sem liður í hreinni kjarabaráttu.
Það er aðeins þegar verkalýðurinn hefur skipulagt sig undir byltingarsinnaða forystu, sem að slík krafa getur náð fram að ganga.

Í eðli sínu er krafan um 8 tíma vinnudag pólitísk krafa, því hún krefst meðvitaðrar baráttu alls verkalýðsins gegn gjörvallri auðmannastéttinni. Það er því ekki fyrr en verkalýðurinn hefur öðlast stéttarvitund, hver einstakur verkamaður, sem tekur þátt í baráttunni, hefur gert sér ljóst, að baráttan fer fram gegn auðvaldskerfinu sem slíku, að baráttan verður raunveruleg stéttabarátta.

Þess vegna er það rangt að halda því fram, að markmiðið sé 8 tíma vinnudagur í þeirri kjarabaráttu, sem fyrir dyrum er. Slíkt er til þess eins fallið að gefa verkamönnum falskar vonir um að núverandi verkfallsbarátta, sem lýtur algjörlega borgaralegri stjórn, muni geta leitt af sér pólitíska ávinninga fyrir verkalýðinn.

Áður en hægt er að heyja slíka pólitíska baráttu, er nauðsynlegt að heyja langvarandi baráttu gegn verkalýðsforystunni, sem hefur svikið verkalýðinn endanlega, og svipta hana því trausti og því forystuhlutverki, sem hún hefur enn í dag.

KJARABARÁTTA VERKALÝÐSINS VERÐUR AÐ VERA ÓRJÚFANLEGA TENGD PÓLITÍSKRI BARÁTTU HANS.

Meginverkefni kommúnista í þeirri verkfallsbaráttu, sem stendur fyrir dyrum, er að afhjúpa svik verkalýðsforingjanna og reka áróður fyrir sjálfstæðri pólitískri skipulagningu verkalýðsins. Það er einmitt einkennismerki ökónómismans að halda því fram, að meðvitund verkalýðsins vakni fyrst og fremst í kjarabaráttunni, að kjarabaráttan sé "aðalgrundvöllurinn" fyrir pólitískan áróður meðal verkalýðsins.

Í heild eru greinarnar um verkfallsbaráttuna í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar merktar þessari villu og einkennast af ökónómískri afstöðu til verkfallsbaráttunnar. Því er t.d. haldið fram, að kjarabaráttan geti haft í för með sér "mannsæmandi laun" innan auðvaldsskipulagsins í greininni "ASÍ og launakakan", og í greininni um "Dagsbrúnarfundinn" er sagt, að meginverkefnið sé "sjálfstæð skipulagning á grundvelli kjarabaráttunnar".

Þetta er alröng afstaða.
Kjarabaráttan er hluti stéttabaráttunnar (þ.e. varnarbarátta gegn einstökum atvinnurekendum) og hún er það form baráttunnar, sem er viðurkennt af borgarastéttinni, því hún leiðir aldrei út fyrir ramma hins borgaralega þjóðfélags. Verkefni okkar í kjarabaráttunni eru ekki að hvetja verkalýðinn til að taka upp sjálfstæða umbóta- og varnarbaráttu, heldur fyrst og fremst að sýna fram á, að slík barátta getur aðeins haft varanlegt gildi fyrir verkalýðinn, sé hún liður í baráttunni fyrir pólitískri valdabaráttu hans.

Þessar villur verður að leiðrétta, við verðum að berjast gegn öllum tilhneigingum til ökónómisma, sem hafa gert og munu gera vart við sig innan samtakanna, og uppræta þær algjörlega. Verum minnugir orða Leníns:

"Hin íburðarmikla setning, 'að gefa kjarabaráttunni sjálfri pólitískt innihald', sem virðist svo 'ægilega' djúphugsuð og byltingarkennd, er því aðeins blæja til að dylja það, sem í raun og veru er hin hefðbundna viðleitni til að draga stefnu kommúnista niður í það að vera rétt og slétt fagfélagastefna (ökónómismi)."

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

RAUÐI FÁNINN

1-2 tbl. Rauða Fánans fræðilegs málgagns KSML er komið út.
EFNI:
Leiðari um baráttuna gegn hentistefnunni.
Um stéttagreininguna.
Heimsvaldastig íslenska auðvaldsins.
Heimsvaldastefnan-almenn einkenni.
Alþjóðleg einkenni Októberbyltingarinnar.
Í minningu J. Stalín.
Heimsvaldastefnan og hentistefnan.
Fylkingunni bætist nýr smáborgARI.
Námshandleiðsla.

Blaðið kostar 100 kr.
Skrifið til KSML, Pósthólf 1357, Reykjavík.

Lesið bæklinga KSML

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN (eftir Stalín)
(2. námsfundur í námshring KSML með formála og eftirmála KSML)
Kr. 100.00

UM FLOKKINN
(8. námsfundur í námshring KSML með formála KSML) Kr. 100.00



rÍkisvalds. Alþjóðleg baráttureynsla stéttarbræðra okkar í verkföllum við margbreytilegar aðstæður er vopnið, sem við verðum að beita gegn hertu arðráni og launaskerðingu auðvaldsins og til þess að geta gert verkfallsbaráttuna að árangursríkum þætti í hinni byltingarsinnuðu baráttu fyrir sósíalismanum.

VERKAFÓLK!
Án þekkingar um stéttarlegt eðli og orsakir verkfalla verður barátta okkar aðeins barátta um krónu til eða frá. Krónu, sem verður hirt af okkur aftur með verðhækkunum eða öðrum meðulum hins kapítalíska

Lesið bæklinga KSML:
REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI
(Strasborgarályktunin frá þingi Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga 1929) og

UM VERKFÖLL eftir V.I. LENÍN.


Hafið samband við KSML

AKUREYRI: Hafið samband við fulltrúa KSML:Guðmund Ármann Sigurjónsson, Brekkugötu 29, P. Box 115.
Auk þess selur Bóka og Blaðasalan Brekkugötu 5 útgáfuefni KSML.

NESKAUPSTAÐUR: Umboðssali fyrir útgáfuefni KSML: Verslunin Vík, Hafnarbraut, Neskaupstað.

REYKJAVÍK: KSML Skólastræti 3b, eða P. Box 1357.

Í Reykjavík hafa KSML opnað vísi að bókabúð að Skólastræti 3b.
Þar er hægt að kaupa allt útgáfuefni samtakanna, einnig er þar fulltrúi fyrir samtökin til viðtals á þriðjudögum kl. 17-20.
föstudögum kl. 15-20
laugardögum kl. 10-12 og 14-17



Námshringur KSML

Grundvallarnámshringur KSML hefur nú verið endurbættur og styttur úr 8 fundum niður í 6. Með þessari styttingu verður hann markvissari skóli stuðningsmanna fyrir þátttöku í byltingarstarfsemi KSML á öllum sviðum.

Endurbætti námshringurinn lítur þannig út:

1. Kommúnistaávarpið Marx/Engels (Úrvalsrit I).
2. Díalektíska og sögulega efnishyggjan Stalín (bæklingur KSML).
3. Grundvöllur pólitísku hagfræðinnar (Fjölritaður bæklingur KSML).
4. Um ríkið og byltinguna Lenín (Ríki og bylting).
5. Um flokkinn Lenín/Stalín (bæklingur KSML).
6. Pólitík KSML (Rauði Fáninn nr. 1 frá stofnþingi KSML).

Námsnefnd KSML hefur áætlað að gefa út allan námshringinn í formi bæklinga. Námshringinn er hægt að fá (það efni, sem KSML hefur gefið út) hjá Kommúnistasamtökunum marxistunum-lenínistunum, pósthólfi 1357, Reykjavík.

VERKALÝÐSAÐALLINN – ÞJÓÐFÉLAGSLEG HÖFUÐSTOÐ AUÐVALDSINS

Stéttabaráttan birti í síðasta blaði lista yfir nokkra örgustu verkalýðs-svikarana og mútur þær og blóðpeninga, sem þessir menn hafa hlotið fyrir launráð sín og svik við verkalýðsstéttina. Áfram verður haldið á þessari braut og verða nokkrir mútuþegar í viðbót teknir fyrir í þessu blaði.



Snorri Jónsson

Forseti ASÍ

Fyrrverandi formaður Félags járniðnaðarmanna og Málmiðnaðar- og skipasmiðasambands Íslands
Félagi í Alþýðubandalaginu
Fulltrúi í bygginganefnd Ölvusborga
Fulltrúi í Ráðgjafanefnd Rannsóknarstofnunar iðnaðarins

Tekjur 1972: 1 milljón 130 þúsund.



Jón Sigurðsson

Formaður Sjómannasambands Íslands

Erindreki ASÍ 1934, ferðaðist um landið til að berja niður byltingarsinnuð verkalýðsfélög
Framkvæmdastjóri ASÍ 1941-44 og 1949-54
Starfsmaður Pósts og síma 1945-48
Framkvæmdastjóri Félags sérleyfishafa 1955-59
Forstjóri Innflutningsskrifstofunnar 1959-60
Skrifstofustjóri Verðlagsskrifstofunnar 1961
Stjórnarmaður við Síldarverksmiðjur ríkisins 1934-36
Starfsmaður Síldarútvegsnefndar
Fulltrúi í Verðlagsnefnd, Verðlagsráði sjávarútvegsins, Bifreiðaúthlutunarnefnd o.fl.
Stjórnarmaður í Hafnarstjórn Reykjavíkur.

"Kjarni málsins er sá, að í heimsvaldalöndum Evrópu flaðrið þið upp um hentistefnumennina, sem eru framandi öreigunum sem stétt og eru þjónar og erindrekar borgaranna og póstberar áhrifa þeirra. Ef verkalýðshreyfingin losar sig ekki við þá verður hún áfram borgaraleg verkalýðshreyfing. Vörn ykkar fyrir "einingu" með hentistefnumönnunum.... er hlutlægt séð vörn fyrir þrælkun heimsvaldaborgaranna á öreigastéttinni, með aðstoð bestu erindreka þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar. Sigur byltingarsinnaðs sósíal-demókratisma um heim allan er algerlega óhjákvæmilegur, en hann verður og mun verða, vinnst og mun aðeins vinnast gegn ykkur, hann verður sigur yfir ykkur."

(Lenín: Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalismans).

Kenning Leníns er högg á undansláttarstefnu og fjöldapólitík Fylkingarinnar og annarra smáborgaralegra sósíalista. Lenín sýnir fram á, að verkalýðsforystan sem heild er þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar, að hún er keypt upp af auðvaldinu á margvíslegan hátt. Þar skiptir engu máli, hvort einn eða annar borgaralegi verkalýðsforinginn er "róttækari" (endurbótasinnaðri) en annar. Allir taka þeir sem einn afstöðu á móti framtíðarhagsmunum öreiganna, sósíalismanum og alræði öreiganna, og allir afneita þeir nauðsyn sjálfstæðrar skipulagningar verkalýðsins, uppbyggingu kommúnísks verkalýðsflokks og sósíalísku byltingunni.

Afstaðan til þessara mála skiptir sköpum um hvort menn vilja vinna á grundvelli hagsmuna verkalýðsstéttarinnar eða hvort þeir boði undansláttarstefnu og undirlægjuhátt fyrir borgarastéttinni. Þennan sannleika hefur Fylkingin ekki skilið (eða kærir sig ekki um að skilja hann). Hún boðar samflot og samstarf við hluta borgaralegu verkalýðsforingjanna, þá endurbótasinnuðustu. Þannig afneitar hún sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsins, biðlar til óvina hans og styður kúgunartæki borgaranna, borgaralegu verkalýðsfélögin.

MVS

FYLKINGIN SVIKIN Í LANDHELGISMÁLINU

SVIKIN
í landhelgismálinu

Hversvegna svik?

Nú hefur það gerst!
Fylkingin hefur verið svikin í landhelgismálinu!
Í dreifiriti, sem Fylkingin dreifði í tilefni landhelgissamninganna, segir:

"Samningsgrundvöllur sá, sem ríkisstjórnin hefur lýst sig fylgjandi í fiskveiðideilunni við breska valdhafa er svik við málstað íslenskrar alþýðu."

Sjálfkjörinn fulltrúi íslenskrar alþýðu er auðvitað Fylkingin, sem m.a. kemur fram í dreifibréfinu:

"Krafa íslenskrar alþýðu um einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar byggist á því, að gegndarlausri rányrkju auðvaldsins á náttúruauðlindum linni."

Í Neista, málgagni Fylkingarinnar, hefur þessi krafa náð feitletruð yfir þvera forsíðuna: "HÆTTIÐ UNDANSLÁTTARTILBOÐUNUM".
Alþýðan hefur talað!

En ef við lítum órugluðum augum á málið, án hins útbelgda þjóðrembings Fylkingarinnar, vaknar spurningin:
Hver sveik hvern?
Sveik borgaraleg ríkisstjórn borgarastéttina?
Sveik alþýðan Fylkinguna?
Sveik borgarastéttin alþýðuna?

Borgarastéttin og ríkisstjórnin sviku Fylkinguna!

Því að ef ekki hefði verið bundin von við málarekstur ríkisstjórnarinnar, þá hefði ekki verið hægt að tala um svik. Sá sem ekki hefur sett allt sitt traust á borgaralega ríkisstjórn fer ekki að öskra um svik, þegar ósköp eðlileg pólitík ríkisstjórnarinnar kemur fram.

Hversu miklar vonir Fylkingarinnar voru með þessa ríkisstjórn má lesa í eftirfarandi setningu úr dreifibréfinu:

"Hvað er það, sem knýr ríkisstjórnina til að svíkja þann málstað (þ.e. málstað Fylkingarinnar um undansláttarlausa útfærslu/innsk. HH), sem hún hélt áður fram, að varðaði tilveruskilyrði íslensku þjóðarinnar um alla framtíð?"

Með þessu gefur Fylkingin í skyn, að "svikararnir" (borgarastéttin) hafi í raun verið hafnir yfir skammæ gróðasjónarmið sín og verið farnir að hugsa um framtíðarhag "þjóðarinnar".
Samningar borgaranna nú tákna ekkert annað en það, að þeir álíta sig betur komna með þennan samning en áframhaldandi stríð. Þeir hafa ekki þann hernaðarlega mátt, sem krafist er, til þess að geta stuggað við bresku togurunum og freigátunum. Eru það svik við málstað alþýðunnar?

Að halda slíku fram er það sama og segja, að hagsmunir alþýðunnar sé stríð milli borgarastétta um yfirráðasvæði.
Að halda því fram, eins og Fylkingin hefur gert oftar en einu sinni, að "friðunarsjónarmið", "verndun tilveruskilyrða þjóðarinnar" sé það, sem vakað hafi fyrir borgurunum er stórkostleg blekking. Fylkingin með sinn smáborgaralega skilning á auðvaldsþjóðfélaginu er í rauninni að dreifa þeirri blekkingu, að annað en sókn eftir hámarksgróða stjórni gerðum borgarastéttarinnar!
Borgararnir hafa "svikið" "alþýðusjónarmið" sín!

Kommúnísk afstaða í þessu máli getur aðeins verið sú að benda á, að spurning um friðun er óframkvæmanleg í auðvaldsþjóðfélaginu og þess vegna nátengd spurningunni um tilveru sjálfs auðvaldsþjóðfélagsins, og að ríkisstjórn í auðvaldslandi geti aldrei verið fulltrúi fyrir hagsmuni öreiganna.
Það, að dreifa hugmyndum, sem gefa það í skyn, að einhvers sé að vænta af borgaralegri ríkisstjórn, að um svik geti verið að ræða af hennar hálfu gagnvart öreigastéttinni, er ekkert annað en blekkingavaðall, sem þjónar beint hagsmunum borgarastéttarinnar. Þennan blekkingavaðal hefur Fylkingin sett á oddinn í afstöðu sinni til landhelgismálsins!

H.H.

Átakanlegir atburðir

Það er ekki bara Fylkingin sem grætur "svikin" í landhelgismálinu - smáborgararnir í Samtökum Frjálslyndra (armur Bjarna Guðna) gráta nú yfir þvera forsíðu málgagn síns. Grátkórinn hljómar nú bæði í sölum Alþingis (ræða Bjarna) og í rykföllnum skotum Fylkingarhússins við Laugaveg.



neisti
málgagn fylkingarinnar baráttusamtaka sósíalista
AÐ LOKNUM SVIKASAMNINGUM



NÝTT LAND
5. árgangur Þriðjudagur 13. nóvember 1973 42. tölublað
Fiskveiðideilan:
UPPGJÖF GEGN BRETUM
Forystumenn þjóðarinnar bila og bregðast

Bæði Fylkingin og fylgismenn Bjarna G. hafa greinilega bundið allar vonir sínar við hinn svokallaða málefnasamning ríkisstjórnarinnar.
Og nú eru viðbrögðin hjá "Baráttusamtökum sósíalista" (Fylkingin) og "baráttusamtökum Bjarna G." eins og hjá jómfrú sem hefur verið svikin í tryggðum.
Alþýðubandalagið, sem stígur dansinn á miðju gólfi auðvaldsins, hefur gleypt öll sín stóru orð um það hversu samningarnir séu "slæmir" - þeir hafa gert það í þeim yfirlýsta tilgangi að "bjarga hernum úr landi".

Það verður átakanlegt, þegar þar að kemur, að horfa á táraflóð Fylkingarinnar og Bjarna; þ.e. þegar ríkisstjórnin mun einnig "svíkja" þann hluta málefnasamningsins.
Við vonum bara að hetjurnar nái að harka af sér fyrir næstu kosningar - og gangi sameinaðir til leiks í þeim tilgangi að hefna svikanna við alþýðu Íslands.


hh

BRÉF FRÁ LESENDUM

Ég sendi ykkur þessar úrklippur, sem ég tók úr Þjóðviljanum "málgagni sósíalisma o.fl.".
Hverra málgagn blaðið raunverulega er finnst mér augljóst mál - Alþýðubandalagið hefur svikið málstað verkalýðsins alveg frá stofnun og um sósíalisma er ekkert að finna á síðum blaðsins. Mér finnst það sláandi dæmi um borgaralega stefnu þeirra hvernig þeir eru fremstir í því að æsa verkalýðinn til þess að berjast fyrir auðvaldið í landinu. Ég kaus Alþýðubandalagið í síðustu kosningum, haldinn þeirri blekkingu að eitthvað myndi vinnast fyrir okkur, sem vinnum hörðum höndum við að skapa auðævi þessa lands - en auðvitað vannst það eitt að koma þessum köllum að kjötkötlunum.
Úrklippurnar (frá 6.9. og 7.10.) sýna hvar "friðarsinnarnir" í Alþýðubandalaginu raunverulega standa gagnvart friði - þrátt fyrir allan þeirra vaðal um "herlaust land", "hlutleysi", "baráttu fyrir friði" o.fl.
Í blaði sínu stunda þeir svo ómengaðar stríðsæsingar fyrir hönd íslensku auðmannanna. "Meiri hörku þarf til" segir Ragnar Arnalds, þegar hann ræðir um landhelgismálið, síðan telur hann upp fimm atriði sem hleypa "hörkunni" í slaginn. Fimmta atriðið er: "Gerðar séu ráðstafanir til að stórefla landhelgisgæsluna svo hún sé færari um að rækja skyldustörf sín."
Mánuði seinna kemur svo yfirlýsing um að "skipin sem okkur vantar" séu fundin. Möltubátar svokallaðir eru það sem Alþýðubandalagið vill fá - og hvers konar bátar eru þetta? Samkvæmt lýsingu, sem ég hef heyrt



ÞJÓÐVILJINN
Ragnar Arnalds um ályktun Alþýðubandalagsins í landhelgismálinu:
Meiri hörku þarf til
Rætt um landhelgismálið, Seðlabankann og flokksstarf Alþýðubandalagsins
Verður Sementsverksmiðjan kærð fyrir
VÖRUSVIK OG



Skipin sem okkur vantar
Möltu-skipin yrðu árangursrík tæki í landhelgisbaráttunni.

eru þetta bátar, sem hægt er að búa eldflaugum og tundurskeytum - þetta eru sem sagt herskip, þótt lítil séu. "Friðarsinnarnir" eru því ekkert annað en borgaralegir stríðsæsingamenn. Þeim er nokk sama um þá, sem eru úti á sjó og lenda í lífsháska vegna baráttu borgaranna um þorskinn. Hvernig er hægt að trúa því, að þessir "Alþýðubandalagssósíalistar" séu talsmenn verkalýðsins.

Iðnverkamaður.

Kreppa eða afturkippur

Í auðvaldsþjóðfélaginu er það lögmál, að offramleiðslukreppa brýst út með lengra eða skemmra millibili. Allt jafnvægi milli framleiðsluaflanna og kaupmáttar raskast fyrir þá sök, að framleiðslan vex óviðjafnanlega hraðar en markaðurinn, jafnvel þó kaupmátturinn sé í allra mesta lagi. Auðvaldskreppan leysir þessa röskun um stundarsakir með eyðileggingu framleiðsluaflanna. "Kreppurnar eru þannig einvörðungu skammæ, hamslaus lausn á móthverfunni, sem áfram er fyrir hendi, hamslaus sprenging, sem kemur aftur á hinu raskaða jafnvægi, um stundarsakir." (Marx: Kapítalið.)
Slík auðvaldskreppa hefur þegar sýnt fyrstu merki sín í íslenskri auðvaldsframleiðslu, þó enn hafi kreppan ekki brotist út að fullu. En móthverfan milli framleiðsluaukningarinnar og þess markaðar, sem fyrir hendi er, hefur skerpst gífurlega og mun óhjákvæmilega brjótast fram í hamslausri kreppu innan tíðar. Ráð borgaranna, að auka framleiðsluna enn meira, munu aðeins hraða þessari þróun og dýpka kreppuna, sem fyrir höndum er.

Smáborgararnir í Fylkingunni hafa gefið út rit eftir belgíska trotskyistann E. Mandel, þar sem því er haldið fram, að auðvaldið hafi nú loksins losað sig við kreppuna, henni sé nú breytt í svolítinn "afturkipp", en að auðvaldskreppan í marxískum skilningi sé liðið fyrirbæri.

Það er einkennandi fyrir smáborgaralega sósíalista að velta sér upp úr óskum um skipulagt, endurbætt auðvald, þar sem tilveru smáborgarastéttarinnar er ekki ógnað af gjaldþrotum og "falli" oní öreigastéttina sem afleiðingu auðvaldskreppunnar.
Fylkingarmönnum er ljúft að láta glepjast af iðnbyltingartali AB-forystunnar og sofna inn í þá sannfæringu, að hagvöxtur íslenska þjóðfélagsins hafi aldrei verið meiri en einmitt nú. En þótt svo virðist sem hagvöxturinn hafi aldrei verið meiri en nú (sbr. skuttogarakaupin) þarf alveg einstaka glámskyggni til að sjá ekki, að svo er aðeins á yfirborðinu. Í rauninni eru hinar geysilegu fjárfestingar auðvaldsins ekki merki um neitt annað en örvæntingarfullar tilraunir kapítalistanna til að bægja frá offramleiðslukreppunni, sem vofir yfir og þegar hefur gert vart við sig.

Almenn kenning marxismans-lenínismans um auðvaldskreppuna skýrir út, að:

"Áður en kreppan er gengin í garð nær framleiðslan hæsta stigi sínu, samtímis því sem dreifingarmöguleikarnir virðast vera ennþá meiri. Offramleiðslan er þegar fyrir hendi, en í dulinni mynd. Spekúlasjónir valda miklum verðhækkunum og stórkostlegri aukningu eftirspurnarinnar, án þess að raunverulegur grundvöllur sé fyrir henni. Vörur, sem offramboð er af, safnast fyrir í haugum. Þó dylja lánveitingar bankanna offramleiðsluna enn meira: bankarnir halda áfram lánveitingum til iðnaðar og verzlunar og styðja framleiðsluaukninguna á óraunhæfan máta. Þegar offramleiðslan hefur náð hámarki sínu brýst kreppan út."
(Úr Kennslubók í pólitískri hagfræði, USSR 1953.)

Í dag er um að ræða offramleiðslu eða dulda kreppu á Íslandi. Offramleiðslan hefur bara ekki náð hámarki sínu og kreppan því ekki brotist út að fullu.
Það er táknrænt fyrir grandvaraleysi smáborgaranna og ómarxískan skilning þeirra á lögmálum auðvaldsframleiðslunnar, að þeir falla fyrir iðnbyltingarlygum AB-forystunnar og sjá ekki boða þeirrar kreppu, sem þegar hefur tekið sér mynd offramleiðslu.
Einkenni hennar eru offjárfestingar, verðhækkanir, launalækkanir og þrengingar fyrir smáframleiðslu, smáverslun o.s.frv.
Þeir líta á lánveitingar bankanna sem "verðmætatilfærslu", þjófnað fjármálaauðvaldsins á "sparifé almennings, fé ríkisbanka, opinberum fjárfestingarsjóðum félagasamtaka og m.a. verkalýðssamtakanna". (Neisti nr. 7, '73, Verðbólga - eignatilfærsla).
Þeim er um megn að skilja lánveitingar bankanna sem fjárfestingar fjármálaauðvaldsins til að reyna að koma í veg fyrir yfirvofandi kreppu.

ÁHRIF KREPPUNNAR Á YFIRBYGGINGU ÞJÓÐFÉLAGSINS.

Allar hræringar í efnahagsgrundvelli þjóðfélagsins endurspeglast óhjákvæmilega í yfirbyggingu þjóðfélagsins, pólitískri og hugmyndafræðilegri. Öll fyrri flokkaskipting riðlast, stéttirnar taka að endurskipuleggja sig og vígbúast fyrir þá baráttu, sem framundan er. Slíkt hefur í för með sér skýrari markalínur milli stéttanna og uppstokkun á flokkakerfinu, sem ríkt hefur.

Það er í kreppunum, sem flokkakerfið tekur á sig nýja mynd og stéttirnar móta sér fulltrúa á pólitíska sviðinu. Hugmyndafræðilega birtist þessi endurskipulagning nú þegar í klofningi "vinstri" hreyfingarinnar, skýrari línum milli borgaralegu sósíalistanna í AB, smáborgaranna í Fylkingunni og Sósíalistafélaginu, og kommúnista í KSML.
Hið borgaralega flokkakerfi hefur þegar komist í umrót, þannig ríkja harðar deilur innan Sjálfstæðisflokksins, ungir framsóknarmenn taka afstöðu gegn yfirlýstri stefnu flokksforystunnar, Alþýðubandalagið gat af sér Frjálslynda og Vinstrimenn þegar fyrir 3 árum. Frjálslyndir hafa síðan klofnað aftur og stendur til að annar hluti þeirra gangi saman við Alþýðuflokkinn og myndi svokallaðan "Jafnaðarmannaflokk".

Þetta eru óyggjandi merki þess, að stéttirnar hafa þegar hafið hugmyndafræðilegan undirbúning þeirrar baráttu, sem í vændum er.
Það leggur þær skyldur á herðar KSML að heyja alhliða fræðilega baráttu gegn hentistefnunni innan verkalýðshreyfingarinnar, fyrst og fremst AB-forystunni, sem er þjóðfélagsleg höfuðstoð borgarastéttarinnar, miða að því að afhjúpa og einangra svikarana frá verkalýðsfjöldanum.
Þetta er meginregla stjórnlistar KSML.

KG

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM

SÍONISMINN: Ofbeldi og kúgun gagnvart Palestínuaröbum

25 ár eru nú liðin frá stofnun Ísraelsríkis. Ísraelsríki er fremur öðru ávöxtur starfs og stefnu síonista. Síonisminn er í stuttu máli sagt þjóðernisstefna Gyðinga. Á þessari öld hefur hið öfgafulla hugmyndakerfi síonismans, sem heimsvaldastefna og árásarstefna Ísraelsmanna hefur ætíð verið "fóðruð" með, ekkert staðið hugmyndakerfi þýsku nasistanna að baki, hvað snertir val aðferða til að ná takmarki sínu. Saga síonismans á þessari öld er saga hryðjuverka og grimmdar, ofbeldis og kúgunar í garð Palestínuaraba, heillar þjóðar, er varð að hrekjast úr landi sínu og hlíta hinu ömurlega hlutskipti flóttamannsins til að "guðs útvalda þjóð" gæti fengið að reisa ríki sitt í landi þeirra. En það er lögmál, sem sagan hefur sannað, að kúgun getur ætíð af sér andspyrnu, barátta Palestínuaraba gegn síonismanum er stéttabarátta, sem að lokum hlýtur að enda með því að ísraelska heimsvaldastefnan bíður ósigur fyrir palestínskum og ísraelskum öreigum í sósíalískri byltingu.



Félagar úr PFLP á æfingu í vopnaburði.



Palestínskar konur í fangabúðum í Ísrael. Ástæðan fyrir handtökunni: þær taka þátt í frelsisbaráttu þjóðar sinnar.

Síonisminn: stutt sögulegt ágrip.

Markmið síonismans hefur ætíð verið að koma á fót sjálfstæðu Gyðingaríki í Palestínu, leiða Gyðinga á ný til fyrirheitna landsins. Upphaf hans má rekja allt aftur til ársins 1648, en þá kom fram á sjónarsviðið í Tyrklandi Gyðingur að nafni David Reubeni, sem sagðist vera messías, og að guð hefði ætlað sér það hlutverk að leiða Gyðinga aftur til Palestínu. Ekki varð honum neitt ágengt í þeirri ætlun sinni, en hann vakti draum í brjósti margra Gyðinga.

Á seinni hluta 19. aldar fór síonisminn að vaxa fram úr því að vera aðeins draumur og í það að verða pólitísk stefna, skipulögð á heimsmælikvarða. Austurríski blaðamaðurinn Theodor Herzl skrifaði 1896 bók, sem hann kallaði Gyðingaríkið (Der Judenstaat), þar sem lagður var pólitískur grunnur að síonismanum á þeim forsendum, að stofnun sérstaks Gyðingaríkis væri nauðsynleg til að Gyðingar gætu búið í friði.

Herzl varð aðalskipuleggjandi, hugmyndafræðingur og áróðursmaður síonismans. Hann kallaði saman fyrsta alheimsþing síonista í Basel í Sviss 1897. Það þing kom fram með hina svokölluðu "Basel-stefnuskrá". Í henni fólst krafan um Palestínu fyrir Gyðinga, ennfremur hvernig skipuleggja skyldi Gyðinga um allan heim undir merki síonista, hvernig vinna skyldi fylgi vestrænna ríkisstjórna við kröfur síonista o.s.frv.
Ekki eru réttindi Palestínuaraba metin mikils í þessari stefnuskrá, og sniðið hjá því að minnast á hvernig staðið skyldi að landnámi síonista í Palestínu.

Landnám síonista í Palestínu.

Landnám síonista í Palestínu hófst um síðustu aldamót. Fyrstu innflytjendurnir voru ofstækisfullir Gyðingaþjóðernissinnar. Þeir litu "útlendingana", eins og þeir kölluðu Arabana, illu auga og báru litla virðingu fyrir eignarrétti þeirra á landi og lausamunum og tóku ófrjálsri hendi það sem þeir gátu ekki keypt smánarverði. Arabar risu upp til að verja eigur sínar, en þeir voru lítt skipulagðir og við var að etja "heimavarnarlið" Gyðinga. Þetta "heimavarnarlið" samanstóð af þremur litlum herjum, sem kölluðust Haganah, Irgun og Stern-Gang. Þessir fasistahópar fóru um landið með hryðjuverkum og ofbeldisaðgerðum í þeim tilgangi að skapa ótta og upplausn meðal Araba. Sem dæmi um fjöldamorð Gyðinga á Aröbum má nefna, að 1947 myrti flokkur Irgun manna alla 254 íbúa þorpsins Deir Yassan í Palestínu. Tilgangur verknaðarins var að hræða Araba í héraðinu til að hafa sig á brott.

Franska blaðið Le Monde Diplomaticue segir, að Ísraelsmenn hafi keypt 6 % af öllu því landsvæði, sem þeir ráða, en lagt hitt undir sig með hervaldi. Stofnun Ísraelsríkis var afleiðing alþjóðlegs samsæris gegn kúgaðri alþýðu Palestínu. Bandaríkin, Bretland og fleiri heimsvaldalönd litu svo á, að áhrif sín í þessum heimshluta væru best tryggð með því að hafa "vestrænt" Gyðingaríki sér hliðhollt til að geta haldið opinni leið til Mið-Asíu og tryggja að nokkru leyti yfirráð yfir Súes-skurðinn.

Þegar Ísraelsríki var stofnað 14. maí 1948 voru í landinu 700.000 Gyðingar og 1.300.000 Arabar.
Að mati Gyðinga bauð þessi fjöldi Araba í landinu upp á vandræði, og lét Ben Gurion hafa það eftir sér, að eina ráðið til að tryggja öryggi ríkisins væri að bola öllum Aröbum í burt eða hreinlega drepa þá.

Barátta Palestínuaraba og ástandið í dag.

Á árunum fyrir stofnun Ísraelsríkis gripu Palestínuarabar oft til vopna til að halda rétti sínum gagnvart síonistunum. Sérstaklega var hart barist 1929 og 1936-39. En þar var við algert ofurefli að etja. Palestínuarabar kröfðust sjálfsákvörðunarréttar, þar sem þeir væru yfirgnæfandi meirihluti íbúanna, en Bretar, sem þá réðu Palestínu, studdu síonista og bældu niður hverja tilraun Araba til sjálfstæðrar skipulagningar. Á tímabili (1938) héldu þeir meira en 1/3 hluta alls herafla síns í Palestínu til að geta viðhaldið kúgunarfötrum sínum.

Eftir ósigur Araba í stríðinu 1948 urðu Palestínuarabar að hrekjast úr landi tugþúsundum saman og leita athvarfs í flóttamannabúðum í nálægum Arabalöndum. Þar hefur atvinnuleysi, hungur og farsóttir verið þeirra hlutskipti. Þeir, sem eftir eru í Palestínu, eru sviptir öllum mannréttindum og ofsóttir á ýmsan máta. Frelsishreyfingu Palestínuaraba fór ekki að vaxa fiskur um hrygg fyrr en eftir ósigur Arabaríkjanna í stríðinu 1956.

Fram að þeim tíma höfðu þeir treyst á, að stjórnir hinna Arabaríkjanna myndu hjálpa sér til að rétta hlut sinn, en þegar þeir sáu, að þær voru ekki þess megnugar, stofnuðu þeir PLO (Frelsishreyfing Palestínu) til að samræma og skipuleggja allar aðgerðir Palestínuaraba til að ná aftur rétti sínum.

Efnahagsleg kreppa heima fyrir og nauðsyn á nýjum landsvæðum leiddi til þess, að Ísraelsmenn hófu stríð aftur 1967. Kreppan hafði leitt til þess að vöruskiptajöfnuður Ísraels var óhagstæður um 455 milljónir $, erlend fjárfesting í landinu minnkaði með hverjum degi, 100.000 voru atvinnulausir (um 10% af öllum vinnandi mönnum í landinu) og Gyðingum fór fækkandi í landinu (það fluttust fleiri úr landi en inn). Stríðið bjargaði þessu. Atvinnuleysinu var útrýmt með fjölgun í hernum og aukinni stríðsframleiðslu, erlend fjárfesting tvöfaldaðist í landinu á einu ári og innflytjendastraumurinn jókst að nýju.

Eftir ósigur Araba í stríðinu 1967 óx styrkur frelsishreyfingarinnar gífurlega. Al Fatah, hinn smáborgaralegi hluti hreyfingarinnar, hafði enn yfirburði hvað mannfjölda snerti, en vinstri arminum, undir forystu PFLP (Popular Front for the Liberation of Palestina) jókst mjög brautargengi. Hann hóf kommúnískt grundvallarstarf meðal alþýðunnar í Arabaríkjunum og Ísrael og bast tengslum við ýmiss byltingarsamtök þar.

Eftir 1970 hefur staða Al Fatah orðið enn veikari sökum hinnar smáborgaralegu pólitíkur þeirra. Það hefur komið í ljós, að hlutleysisstefna Al Fatah gagnvart Arabaríkjunum hefur verið markmið í sjálfu sér, en ekki baráttutaktík. "Svarti September" í Jórdaníu sannaði þetta áþreifanlega. Þar kom í ljós, að Al Fatah, þrátt fyrir að vitað væri um tengsl jórdanska afturhaldsins við heimsvaldastefnuna og síonismann, gerði allt til að ná sáttum við það. Þeir yfirgáfu hernaðarstöðvar, sem jórdanski herinn réðist á, og skildu alþýðuna í flóttamannabúðunum eftir varnarlausa gagnvart hryðjuverkum Jórdaníustjórnar.

En PFLP leiðir hernaðarlegar og pólitískar sellur á herteknu svæðunum og í Arabaríkjunum. Þeir berjast fyrir byggingu kommúnistaflokks, sem leitt geti byltingu fyrir botni Miðjarðarhafs. Þó er ekki svo að skilja, að PFLP séu marxísk-lenínísk samtök, þeir eru enn of háðir smáborgaralegum uppruna sínum.
Þeir hafa t.d. tileinkað sér hina alröngu kenningu Che Guevara um að hernaðarlega baráttan eigi að leiða pólitísku baráttuna og enn fremur hafa þeir ekki enn tekið afstöðu á móti sósíalheimsvaldastefnunni. En það er hörð barátta innan PFLP gegn hentistefnunni og eftir því sem PFLP vex og þróast verður vafalaust gert upp við þessar röngu hugmyndir.

KSML styðja baráttu PFLP vegna þess að þeir standa í fararbroddi í baráttunni gegn heimsvaldastefnu og síonisma fyrir botni Miðjarðarhafs. Þeir eru fulltrúar hinnar byltingarsinnuðu baráttu Palestínuaraba og KSML styðja þá á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna.

Með baráttu okkar hér, stétt gegn stétt, baráttu fyrir kollvörpun auðvaldsskipulagsins og uppbyggingu alræðis öreiganna, styðjum við best baráttu öreiga og kúgaðrar alþýðu um heim allan.

O.I.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

Í síðasta tölublaði urðu okkur á mistök er við greindum frá afmæli kínversku byltingarinnar - við sögðum að það væru liðin 25 ár frá þeim merka atburði. En eins og eftirtektarsamir lesendur bentu okkur á eru 24 ár liðin frá 1949.

Upplag 1. tbl. Rauða Fánans 1972 er á þrotum, aðeins eru eftir örfá eintök sem ætluð eru nýjum áskrifendum.

Þeir sem vilja eignast STÉTTABARÁTTUNA frá upphafi verða að hafa hraðann á - fyrstu 3 tölublöð 1972 árgangs eru á þrotum.

Enn fást Félagabréfin nr. 2 og nr. 3 í bókabúð KSML

STÉTTABARÁTTAN
Málgagn Kommúnistasamtakanna m-l
Pósthólf 1357, Reykjavík.

Venjuleg áskrift .... 200 kr.
Stuðningsáskrift .... 300 kr.
Baráttuáskrift .... 500 kr.

(Áskrift 1973 gildir fyrir 8 tölublöð).

FRAMHALD AF FORSÍÐU
10 ÞÚSUND...

það gera honum erfiðara að skilja á milli vina og óvina, því ASN-forystan, sem kemur fram undir því yfirskini, að hún standi í andstöðu við ASÍ-forystuna og þjóni raunverulegum hagsmunum verkalýðsins, er falskur vinur.

ASN-forystan mun reyna að beina öllum hreyfingum, sem taka upp baráttu gegn hinni borgaralegu verkalýðsforystu og leggja út á braut sjálfstæðrar skipulagningar, aftur inn á blindgötu ökónómískrar baráttu fyrir "róttækari" kjarabótum og víðtækari umbótum innan ramma auðvaldsskipulagsins.

Eina leiðin, sem veitir árangur í faglegu baráttunni, er alhliða afhjúpun á pólitísku hlutverki verkalýðsforystunnar, þrotlaust áróður og barátta fyrir því, að verkalýðurinn snúi bakinu við ökónómisma af öllum gerðum og skipuleggi sig sjálfstætt á pólitíska vísu. Sigur á sviði hreinnar kjarabaráttu getur í besta falli leitt til hærra söluverðs á vöru verkalýðsins, vinnuaflinu, en samtímis veitir hann falskar vonir um möguleikana á endanlegum sigri innan ramma auðvaldsþjóðfélagsins, eftir leið endurbótanna.

Verkefni verkalýðsins er að skipuleggja sig á pólitíska vísu, í kommúnískan byltingarflokk, sem ekki einvörðungu berst fyrir kjarabótum, heldur afnámi launavinnuþrældóms og pólitískri valdatöku verkalýðsins.

K.G.

Baráttan í Brasilíu

Í Brasilíu heyr alþýðan baráttu fyrir þjóðlegu og félagslegu frelsi. Hún berst fyrir þjóðlegum sjálfsákvörðunarrétti gegn erlendum auðhringum, sem hafa kúgunartök á efnahag landsins, og innlendum leppum þeirra.

Brasilía í dag er land, þar sem allar aðferðir arðráns, kúgunar, stéttarlegs og félagslegs misréttis ný-nýlendustefnunnar koma í ljós.
Í trylltri gróðasókn erlendu einokunarauðhringanna í Brasilíu eru það þeir bandarísku, sem hafa forystuna. Bandarískir auðmenn hafa drottnunartök á öllum efnahag landsins og gjörnýta náttúruauðlindir þess og vinnuafl.

Hinn mikli gróði, sem einokunarhringarnir fá út úr fjárfestingum í Brasilíu og drottnunaraðstaða erlends fjármagns í landinu hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðlega atvinnuvegi, gert neyð verkalýðsfjöldans sárari og komið Brasilíu undir ok auðvaldsþrældóms.

Brasilísk alþýða þjáist undir oki fasískra hershöfðingja. Landinu er stjórnað af klíku, sem setur ofar öllu hagsmuni fámennisstjórnar, landeigenda og USA-heimsvaldastefnunnar. Ekkert lýðræði fyrirfinnst í Brasilíu í dag. Sérstaklega verða marxísk-lenínísk öfl og aðrir framfarasinnar fyrir árásum stjórnvalda. Fjöldi byltingarmanna er ofsóttur og drepinn af fasísku stjórnarklíkunni. Í desember s.l. ár voru 4 leiðtogar Kommúnistaflokks Brasilíu myrtir af stjórnvöldum.

Atvinnuleysið er landlægt í Brasilíu. Aðeins í Río de Janeiro einni er yfir 38% verkamanna atvinnulausir. Ömurleg lífskjör öreigalýðsins fylgja kúgun auðvaldsins. Myndin sýnir fórnarlömb atvinnuleysisins.

Mikil andstaða er komin upp á meðal alþýðufjöldans gegn pólitík stjórnarklíku fasistanna. Verkalýðshreyfingin vex að styrk með hverju árinu sem líður. Verkföll og kröfuaðgerðir fyrir lýðræðislegum réttindum, pólitísku frelsi, betri vinnuaðstæðum o.fl. hafa stöðugt breiðst út.
Verkalýðsstéttin, bændurnir og stúdentaæskan taka sífellt meiri þátt í þessari hreyfingu.

En í lífi brasilísku alþýðunnar skipar vopnaða baráttan, sem hefur verið háð á Araguya svæðinu í meira en 18 mánuði, mjög mikilvægan sess. Skæruliðasveitirnar hafa útvíkkað í miklum mæli svæðið fyrir aðgerðir sínar.

Þær hafa styrkst skipulagslega og hafa af miklu hugrekki mætt ofsóknum og árásum afturhaldsins.
Í fyrsta sinn í sögunni hefur brasilíska alþýðan eignast sinn eigin frelsisher, her, sem túlkar hagsmuni alþýðunnar og berst fyrir raunverulegu frelsi hennar og sjálfstæði. Barátta frelsishersins sýnir brasilísku alþýðunni fram á hina réttu leið til þjóðlegs og félagslegs frelsis. Hún sýnir fram á, að það er leið vopnaðrar baráttu undir forystu Kommúnistaflokks Brasilíu, sem er eina færa leiðin til að brasilíska alþýðan geti hrist af sér kúgunarfjötra erlendrar heimsvaldastefnu og innlends afturhalds.

(Fra Albanian Telegraphic Agency).

FRÁ VÍETNAM

Þrátt fyrir að Saigonklíkan og bandarísku heimsvaldasinnarnir hafi undir ritað vopnahléssáttmálann í París, þar sem staðfestur var hernaðarlegur sigur víetnömsku alþýðunnar yfir bandarísku heimsvaldastefnunni og og leppum hennar, hefur Saigonstjórnin ekki hætt hryðjuverkum sínum og morðum.
Alþýðan til sveita og í borgum sem Saigonklíkan ræður, er kúguð og ofsótt á margan máta. Saigonklíkan nýtur hernaðar og fjármagnsstuðnings frá USA í miklum mæli.
Til dæmis má nefna, að á fjárlögum Bandaríkjannna árið 73-´74 eru ætlaðir 20.400.000,oo $ til lögreglu og fangelsa í S. Víetnam. Bandaríkin borga 90% af öllum útgjöldum Saigonstjórnarinnar, og haldið er áfram að sjá Saigonhernum fyrir sprengjum, skotfærum og öðrum hergögnum.
Sem dæmi um herðanaðaraðgerðir og hryðjuverk Saigonklíkunnar má nefna:

- 2, mars voru 6700 hektarar ræktaðs lands eyðilagðir með kemiskum efnum.
- 2. sept. urðu héruð í miðhluta S. Víetnam fyrir miklu sprengjukasti þar sem varpað var risasprengjum og napalmsprengjum.
- Eitri hefur oft verið blandað í vatn og mat fanga í einangrunarbúðum Saigonklíkunnar. Í mars s.l. voru t.d. drepnir 600 fangar á þennan hátt í Tra - Vinh.
- Í fyrri hluta október voru gerðar miklar sprengjuárásir á vesturhluta S. Víetnam. Varpað var yfir 20,000 sprengjum og fjöldi manns drepinn.



Bráðabirgðabyltingarstjórnin gaf út dagsskipun 15. okt. s.l. þar sem fordæmdur er áframhaldandi stríðsrekstur Bandaríkjamanna og Saigonklíkunnar, og Víetnamska alþýðan hvött til að vera á verði, og brjóta á bak aftur allar árásir afturhaldsaflanna og þvinga bandarísku heimsvaldasinnana og leppa þeirra til að halda Parísarsamkomulagið. Frelsisbarátta víetnömsku alþýðunnar er ósigrandi og mun brjóta allar kúgunartilraunir afturhaldsins á bak aftur.

O I